

## The Future of Work: Opportunities and Challenges for the Nordic Models. Norrænt verkefni um atvinnulíf framtíðar 2017–2020.

### 1. Samantekt

Hvaða breytingar munu verða á vinnumarkaði á Norðurlöndum í framtíðinni? Þetta er lykilspurning rannsóknarverkefnisins „The Future of Work: Opportunities and Challenges for the Nordic Models“. Víðtækar breytingar hafa reglulega orðið á sviði tækni, efnahagsmála, vinnuafis og stofnana vinnumarkaðarins, allt frá fyrstu iðnbyltingunni á 18. öld. Eigi að síður færa nú margir rök fyrir því að breytingarnar sem nú blasa við séu einstakar og að nýjar stafrænar framleiðsluaðferðir muni gjörbreyta aðstæðum á vinnumarkaði frá því sem nú er.

Í ljósi þessa fæst norræna verkefnið Future of Work við að rannsaka hvaða áhrif yfirstandandi breytingar á framleiðslu og vinnumarkaði, m.a. af völdum stafrænnar þróunar, lýðþróunar og nýrra starfshátta, munu hafa á vinnumál framtíðar á Norðurlöndum. Nú, árið 2019, er verkefnið að afla nýrrar þekkingar um vinnumarkaðsmál framtíðar og þegar verkefninu lýkur verða lagðar fram tillögur um vinnulíf í framtíðinni, sem beint er til norrænna stjórnámálanna, embættismana, stéttarfélaganna og atvinnurekenda.

### 2. Inngangur

Árið 2016 skilaði Poul Nielsen skýrslunni „Arbeidsliv i Norden – Udfordringer og forslag“ (Atvinnulíf á Norðurlöndum – áskoranir og tillögur) í kjölfar úttektar á norrænu samstarfi um vinnumarkaðsmál. Í skýrslunni var meðal annars lögð áhersla á þau tækifæri sem felast í sameiginlegum norrænum aðgerðum til að aðlaga vinnuna að nýjum kröfum tvístraðs vinnumarkaðar, í dag og til framtíðar. Norræna ráðherranefndin um vinnumál (MR-A) samþykkti einnig árið 2016 að efla samstarf við Alþjóðavinnuástandstofnunina (ILO), og að efla áherslu á viðfangsefni sem tengjast vinnuáttum framtíðar.

Sama ár kynnti MR-A einnig tilraunaverkefni um deiliahagkerfi. Í greinargerð um tilraunaverkefnið var farið yfir það hvernig norrænu löndin og aðilar vinnumarkaðarins nálguðust tilkomu deiliahagkerfisins meðan lítið var til af aðgengilegum rannsóknum. Þetta norræna samstarf um deiliahagkerfi þjónaði einnig víðtækara hlutverki, þ.e. að sýna fram á þörf á meiri þekkingu á því hvernig unnt er að þróa stefnu sem tekur mið af ráðningarsamböndum af nýju tagi, tæknivæðingu hefðbundinna starfa, þróun í þá átt að hlutverk atvinnurekandans verður óskýrara og



þörf fyrir breytingar á norræna vinnumarkaðsmódelinu sem byggir á þríhliða samráði ríkis og aðila vinnumarkaðarins sem af því leiða.

Bæði skýrsla Poul Nielsons og skýrsla frá tilraunaverkefni fagsviðs vinnumála um deilihagkerfi sýndu að mikil tækifæri fælust í norrænu verkefni um það hvernig best væri fyrir norrænu löndin að bregðast við vinnumálum framtíðarinnar. Því var norræna verkefninu Future of Work hleypt af stökkunum 2017 en markmið þess er að greina helstu strauma og stefnur á norrænum vinnumarkaði og þau tækifæri og takmarkanir sem þeim fylgja.

## 2.1 Upphaf verkefnisins

Norræna ráðherranefndin setti verkefnið í útboðsferli innan ESB árið 2017 með fjárhagsramma sem nam 8 milljónum danskra króna fyrir þriggja ára verkefnistímabil. Að útboðinu loknu var gerður samningur við norrænu rannsóknarstofnunina Fafo. Fafo skipaði hóp 30 vísindamanna frá rannsóknarstofnunum og háskólum í norrænu löndunum fimm.

Verkefnið felur í sér 7 undirverkefni («pillars») sem miða að því að afmarka, greina og skapa kerfisbundin gögn um mikilvægar þróunartilhneigingar á vinnumálum framtíðar. Undirverkefnin greina a) tæknivæðingu hefðbundinna starfa, b) sjálfstætt starfandi, einyrkja og óhefðbundna atvinnu, og c) nýja aðila á vinnumarkaði, eins og t.d. vefsvæði sem miðla verkefnum. Einnig verður um að ræða sérstök undirverkefni sem greina afleiðingar af stefnu í vinnuvernd og vinnuréttarmálum. Í síðasta áfanga verkefnisins fær eitt undirverkefni það hlutverk að gefa út lokaskýrslu sem byggir á öllum fyrri áfangaskýrslum og útgefni efni verkefnisins og mun koma með tillögur til norrænu landanna og norræns samstarfs um hvernig viðhalda megi og þróa norræna vinnumarkaðsmódelið.

## 3. Fyrsta áfangaskýrsla

Fyrsta áfangaskýrsla verkefnisins „The Nordic Future of Work – Drivers, Institutions and Politics“ var kynnt í nóvember 2018. Í þessari fyrstu áfangaskýrslu er lýst helstu drifkröftum og meginstraumum (megatrends) sem vænta má að formi vinnumál framtíðar. Niðurstöður skýrslunnar eru að miklu leyti í samræmi við niðurstöður og tillögur Alþjóðanefndar ILO um framtíð vinnumála (ILO's Global Commission on the Future of Work)<sup>1</sup>.

Í fyrstu áfangaskýrslunni er sjónum beint að meginstraumnum *Lýðfræðilegar breytingar* sem tengist öldrun og fólksflutningum. Gert er ráð fyrir að vinnuafli á ESB/EES svæðinu fækki samfara því að eldri borgurum fjölgar. Um leið fjölgar fólki á vinnualdri í öðrum heimshlutum (einkum í Afríku) en það mun auka þrýsting á fólksflutninga til Evrópu.

---

<sup>1</sup> Skýrslan *Work for a brighter future*, ILO 2019



Annar mikilvægur meginstraumur verða *Loftslagsbreytingar*, því þurrkar, flóð og öfgaveður geta leitt til neyðarástands og í kjölfarið til aukinna fólksflutninga frá viðkvæmum heimshlutum og aukið óöryggi í efnahagsmálum. Önnur hlið loftslagsbreytinga sem einn af drifkröftum vinnumála í framtíðinni er að þær geta orðið grundvöllur grænni hagkerfa sem geta haft í för með sér nokkurn vöxt í störfum sem tengjast grænum umskiptum. Slík störf gætu aftur á móti krafist nýrrar hæfni hjá einstaklingunum.

*Hnattvæðing* er meginstraumur er tekur til langtímaþróunar sem lengi hefur verið talin allt að því sjálfgefin. Bakslög á borð við Brexit og tilhneigingu til verndarstefnu í ýmsum hlutum heimsins sýna að hnattvæðingin er ekki sjálfgefin þróun. Aukin eða minnkandi hnattvæðing mun hafa áhrif á efnahagslegan stöðugleika og snerta þannig vinnumarkaðsmál á Norðurlöndum.

*Tæknibreytingar* er sá meginstraumur sem hvað mest er rætt um þegar kemur að vinnumálum framtíðar. Sjálfvirknivæðing, gerfigreind og fjórða iðnbyltingin eru þemu sem koma ítrekað upp í umræðum um framtíðina og hér er um að ræða þróun sem mun hafa áhrif á og breyta flestum vinnustöðum. Enn sem komið er hefur enginn lagt fram öruggt mat á því hve mörg störf verða óþörf og hversu mikil þörf verður fyrir ný störf. Vísindamenn virðast þó sammála um að tæknibreytingar og stafræn þróun muni skapa álag á uppbyggingu vinnumarkaðar og velferðar á Norðurlöndum.

Í skýrslunni er bent á að erfitt er að spá um áhrif þessara drifkrafta og meginstrauma á vinnumál framtíðar. Meginstraumar geta stefnt í ólíkar áttir, þeir geta orðið veikari en gert er ráð fyrir eða jafnvel snúist við. Þróun atvinnulífs í framtíðinni ræðst því ekki eingöngu af tæknibreytingum eða öðrum hnattrænum drifkröftum og meginstraumum. Áhrif þessara breytingaafila munu mótast af stefnumörkun og stofnunum og sennilega verður þróunin ólík milli landa og breytileg eftir starfsgreinum og ólíkum hópum starfskrafta.

Í fyrstu áfangaskýrslunni er einnig bent á tilteknar forsendur fyrir því að Norðurlöndum takist að bregðast við breytingum í vinnulífi framtíðar, og mælt er með því að norrænu löndin taki símenntun og hæfnipróun föstum tókum ásamt áskorunum sem steðja að norræna módelinu vegna nýrra starfa og ráðningarforma.

Það virðist augljóst að til að mæta þörfum vinnumarkaðarins þurfi að beina sjónum frekar að símenntun og samfelldri þróun á hæfni vinnuafslsins. Til að koma í veg fyrir aukinn launa- og hæfnismun, sem og útilokun frá vinnumarkaði, þarf að grípa til aðgerða á sviði starfsmenntunar og framhaldsmenntunar. Til þess þarf að bæta skipulag og afkastagetu símenntunar. Breytingarnar munu einnig leiða til þess að á starfsferli sínum mun fólk þurfa að aðlaga sig að nýjum aðstæðum og auka við kunnáttu sína og hæfni. Þetta á einnig við um þá sem eru á vinnumarkaði í dag, ekki síður en um komandi kynslóðir.

Lögð er áhersla á að horfur á fjölgun óhefðbundinna starfa og tvístraðra vinnumarkaðstengsla í kjölfar verkefnamiðlunar á netinu og nýrra



viðskiptahugmynda verði áskorun fyrir norræna vinnumarkaðslíkanið. Undir slíkum kringumstæðum verða hlutverk atvinnurekenda og vinnuafis óljósari en hefðbundið er á vinnumarkaði. Þetta vekur mikilvægar spurningar á borð við:

- hvernig geta norrænu löndin aðlagð tekjutryggingar- og starfsöryggiskerfi sín til að mæta þörfum þeirra sem ekki eru ráðnir samkvæmt hefðbundnu launþegamódeli og
- hvernig geta norrænu löndin tryggt þríhliða vinnumarkaðskerfi sem byggist á þátttöku aðila vinnumarkaðarins, þegar hlutverk atvinnurekenda og starfsfólks eru orðin óskýrari en áður?

Meginstraumarnir fjórir sem verkefnið leggur til grundvallar í fyrstu áfangaskýrslunni verða grunnur og baksvið fyrir frekari greiningar í undirverkefnunum í skýrslunni.

#### 4. Norrænar ráðstefnur um Future of Work

Árið 2019 fagnar Alþjóðavinnuálastofnunin (ILO) 100 ára afmæli sínu og verður Future of Work verkefnið hluti af framlagi Norðurlanda til hátíðarhaldanna.

ILO snéri sér til norrænu landanna árið 2015 til að hefja samtal um strauma og stefnur varðandi vinnulíf í framtíðinni og til að efla áherslu á þetta málefni fram að hátíðarhöldum ILO. Þessu erindi var fylgt eftir með því að Norðurlönd stóðu fyrir Future of Work ráðstefnum í samstarfi við ILO, aðila vinnumarkaðarins og Norrænu ráðherranefndina. Ráðstefnurnar hafa fylgt formennsku Norrænu ráðherranefndarinnar og voru haldnar í Helsinki 2016, Ósló 2017, Stokkhólmi 2018 og í Reykjavík árið 2019.

Síðasta ráðstefnan um Future of Work var haldin í Reykjavík í apríl 2019 og var eins konar hátíðarráðstefna ILO. Á ráðstefnunni var framvinda norræna Future of Work verkefnisins kynnt ásamt niðurstöðum úr undirverkefnunum um vinnuverndarmál, vinnurétt og óhefðbundna atvinnu og var verkefnið því mikilvægur þáttur á ráðstefnunni. Fulltrúi ILO á ráðstefnunni í Reykjavík var Guy Ryder framkvæmdastjóri. Auk hans tóku norrænir ráðherrar, framkvæmdastjóri Norrænu ráðherranefndarinnar og leiðtogar margra alþjóðlegra atvinnulífssamtaka þátt í ráðstefnunni. Ráðstefnan í Reykjavík var alþjóðlegur vettvangur fyrir samtal og skoðanaskipti um mikilvæg málefni sem varða vinnulíf framtíðarinnar, norræna samfélagsgerð og jafnrétti á vinnumarkaði í samræmi við megináherslur Alþjóðavinnuálastofnunarinnar.

Framkvæmdastjóri ILO tók einnig þátt í fundi MR-A sem fór fram í tengslum við ráðstefnuna og tók þar þátt í þemaumræðu um vinnuálf framtíðar með norrænum ráðherrum um vinnuálf.

Á árlegu alþjóðavinnuálfapingi ILO (International Labour Conference) í Genf í júní 2019 var 100 ára afmælinu fagnað, m.a. með þemaumræðu hátt settra aðila um mikilvæga þætti starfs á vettvangi ILO. Í þemaumræðum í pallborði með yfirskriftinni „Securing sustainable transitions over the life course“ tók fulltrúi norræna Future of



Work verkefnisins þátt í umræðu um góðar lausnir fyrir umskipti á vinnumarkaði sem er að breytast, og virka stefnu um aukna starfsmenntun og endurmenntun.

### **5. Aðrar aðgerðir með áherslu á vinnulíf framtíðar**

MR-A samþykkti í apríl 2019 að hefja norræna verkefnið *Hållbarhet och jämställdhet i framtidens högteknologiska arbetsliv* (Sjálfbærni og jafnrétti á hátæknivæddum vinnumarkaði framtíðar). Markmið verkefnisins er að greina hvernig norrænu löndin geta stuðlað að betra kynjajafnvægi í tæknistörfum með aðgerðum til að fá fleiri stúlkur og konur til að velja menntun og störf innan svokallaðra STEM-geira (Science, technology, engineering, mathematics). Verkefnið er samstarfsverkefni með MR-JÄM og MR-U.

Á árinu 2019 var einnig hrint af stað verkefninu *Innovasjon og inkludering: Framtidens nordiske arbeidsmarked for personer med funksjonsnedsettelse* (Nýsköpun og þátttaka allra: Norrænn framtíðarvinnumarkaður fyrir fólk með fötlun), sem er verkefni sem mun snúast um það í hve miklum mæli stafræn þróun og tækniþróun mun geta skapað ný tækifæri á vinnumarkaði fyrir fólk með fötlun.

### **6. Frekara starf að norrænu verkefni um vinnumál framtíðar**

Á árinu 2019 verða einnig gefin út minnisblöð og vinnugögn úr ýmsum þáttum verkefnisins. Á árinu 2020 verður gefið út mikið af efni frá verkefninu, það verða gefnar út áfangaskýrslur og endanleg heildarskýrsla. Allt útgefið efni verður birt á verkefnasíðu Fafos og þar verður einnig tekin saman fjölmiðlaumfjöllun um verkefnið.

Á fagsviði vinnumála í norrænu samstarfi mun embættismannanefndin (EK-A) og faglegar nefndir sem heyra undir hana í framtíðinni ræða hvernig best verði að fylgja eftir niðurstöðum verkefnisins í norrænu samstarfi. Verkefninu lýkur við árslok 2020 og það hvernig verkefnisloka verður minnst fellur undir væntanlega formennskuáætlun Dana vegna ársins 2020.

Fylgiskjöl:

„The Nordic Future of Work – Drivers, Institutions and Politics“ (First project report)